



## 32. stjórnarfundur LH

17. September 2018 kl. 21:00 Símafundur

**Mættir:** Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Helga Björg Helgadóttir ritari, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Andrea M. Þorvaldsdóttir og Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn, Sóley Margeirsdóttir úr varastjórn  
**Fjarverandi:** Eyþór Gíslason úr aðalstjórn og Magnús Benediktson, Ingimar Ingimarsson, Stefán G. Ámannsson og Rúnar Bragason úr varastjórn.

### 1. Setning fundar og fundargerð.

Formaður setur fund. Fundargerð 31. samþykkt með áorðnum breytingum.

### 2. Valnefndartillaga

Umræða um tillögu nefndar sem skipuð var til að vinna að endurbættri greinargerð valnefndar. Breytingartillaga frá nefndinni lögð fram og gengið til atkvæða; 4 á móti breytingum og 3 samþykkir þeim.

a. Bókun frá LÁH:

*Í kjölfar formannafundar sem haldinn var þann 27. 10.2017 sendi stjórn LH frá sér eftirfarandi bókun:*

**„YFIRLÝSING STJÓRNAR LH VEGNA TILNEFNINGAR Á GÆÐINGAKNAPA ÁRSINS**

*Yfirlýsing stjórnar LH vegna tilnefningar á gæðingaknapa ársins 2017*

*Stjórn Landssambands hestamannafélaga hefur, að beiðni Skapta Steinbjörnssonar, farið yfir mál Sigurðar Sigurðarsonr og Skapta Steinbjörnssonar. Valnefndin vann af heilindum eftir þeirri reglugerð sem fyrir liggur og í gildi er. Í rökum sínum er notast við 4 grein reglugerðarinnar.*

*Eftir yfirferð með lögmanni og í ljósi nýrra gagna hefur stjórn Landssambands hestamannafélaga ákveðið að bæta Sigurði Sigurðarsyni og Skapta Steinbjörnssyn á tilnefningarlistann fyrir gæðingaknapann 2017.*

*Á listanum verða því 7 knapar tilnefndir í flokki gæðingaknapa þetta árið.*

*Stjórn LH biður hlutaðeigendur aðila velvirðingar.*

**Stjórn Landssambandsins hefur jafnframt ákveðið að taka til gagngerrar endurskoðunar þá reglugerð sem valnefndin vann eftir.**

*F.h. stjórnar*

*Lárus Ástmar Hannesson formaður“*

*Eins og lesa má úr þessari tilkynningu hugðist stjórnin taka til endurskoðunar þá reglugerð sem valnefndin vann eftir.*

*Á 23. stjórnarfundu LH sem haldinn var 4. febrúar 2018 er eftirfarandi bókað:*

*„6. Starfsreglur valnefndar*

*Ákveðið var að LÁH, SM og ÓP komi með tillögur um starfsreglur valnefndar“*



*Tillaga vinnuhópsins er send á stjórn 7. Júní.*

*Málið var tekið fyrir á 28. stjórnarfundur LH*

*7. júní 2018 kl. 17:00 Austurási Selfossi og í þeirri fundargerð stendur bókað*

*“11. Valnefnd (samsetning og vinnureglur) (LÁH)*

*Þessum lið var frestað og ákveðið að taka símafund eftir ca. tvær vikur”.*

*Á 30. stjórnarfundur LH sem haldinn var 21. ágúst 2018 kl. 18:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal var málið enn tekið fyrir og þar stendur bókað:*

*“5. Tillaga starfshóps vegna mögulegra breytinga á vinnureglum valnefndar*

*Samþykkt að fresta afgreiðslu þessa máls til næsta fundar. Stjórnarmenn undirbúa sig og*

*vinna tillögu að breytingum á tillögu starfshóps ef þarf.”*

*Tillögur vinnuhópsins tóku nú talsverðum breytingum í meðförum stjórnar*

*Á 31. stjórnarfundur LH 3. september 2018 kl. 18:00 íþróttamiðstöðinni Laugardal var málið enn og aftur á dagskrá og í fundargerð stendur:*

*“5. Valnefndartillaga*

*Rætt um tillögu sem nefnd um endurskoðun á greinargerð fyrir valnefnd lögðu til. HBH*

*leggur til að nefndin setji skýrar fram hvar tillagan komi inn í greinargerðina og verði svo*

*lögð aftur fyrir stjórn. Rætt um orðalag og trúnað.”*

*Eins og sjá má hefur málið verið tekið ítrekað upp á fundum LH og vinnuhópurinn hefur orðið við mörgum óskum stjórnarmanna um breytingar.*

*Það erum því vonbrigði eftir samþykktir stjórnar og alla þessa umfjöllun og vinnu að tillaga vinnuhópsins hafi verið felld.*

*Lárus Ástmar Hannesson*

- a. Andrea Margrét, Haukur, Helga Björg og Jóna Dís óska eftir að eftirfarandi verði bókað vegna sérbókunar LÁH.

*Þann 4. febrúar 2018 var nefnd skipuð til að fara yfir hvort og þá hvernig endurbæta mætti greinargerð valnefndar í kjölfar upptöku á formannafundi LH2017. Nefndin skilaði inn tillögum að breytingum fyrir stjórnarfund 7. júní eða 4 mánuðum eftir að hún var skipuð, þá á síðasta fundi stjórnar fyrir sumarfrí. Eðlilega var ekki hægt að taka afstöðu til tillögunnar þar sem stjórnarmenn fengu lítinn tíma til að kynna sér hana. Þess vegna stóð til að boða til stjórnarfundar 2 vikum síðar, en það var ekki gert svo málið var ekki tekið fyrir fyrr en á fyrsta fundi stjórnar eftir sumarfrí þann 23. ágúst. Liðnum var þá frestað og einnig á fundi 3. september en þá óskaði HBH eftir að nefndin stillti nýju tillögum upp með þeim gömlu, svo hægt væri að sjá skýrt hverja breytingarnar væri.*



*Reglugerðunum var stillt upp saman og þá var ljóst að ekki var tekið tillit til allra þeirra breytinga sem stjórn óskaði eftir við gerð nýju reglugerðarinnar. Þegar það lá svo ljóst fyrir á stjórnarfundi 17. september þótti meirihluta stjórnar alltof stuttur tími sem valnefndin hefði til að vinna að útnefningum og breytingunum því hafnað. Einnig að skipa hefði átt nefndina í apríl/maí eða 1-2 mánuðum áður en nefndin skilaði fyrst inn tillögum. Við lýsum yfir vonbrigðum okkar með að nefndin hafi ekki borið gæfu til að vinna fyrir að þessu máli strax í kjölfar þess að hún var skipuð.*

### 3. Landsþing

#### a. Fjöldi þingfulltrúa.

Rangur félagafjöldi í félagakerfi ÍSÍ, Felix, frá upphafi keppnistímabilsins í apríl. Átti rætur að rekja til villu sem uppgötvaðist of seint í kerfinu. Valið samkvæmt því á Landsmót og rukkun árgjalda sent samkvæmt þeirri tölu. Fórst fyrir að leiðrétta eftir LM og því var sendur listi með röngum fjölda þingfulltrúa til formanna.

LÁH, SM og AMP heyra í lögmanni ÍSÍ hvernig sé best að vinna úr þessu máli.

#### b. Heiðranir.

Tillögur komnar frá orðunefnd Léttis ásamt tillögum stjórnar sem liggja fyrir.

Kalla eftir greinagerðum með þeim sem á að heiðra.

#### c. Ferða og gistkostnaður stjórnar og starfsmanna á þinginu.

Stjórnarmenn sammála um að taka málið upp aftur og að greitt verði eins og verið hefur, sem er breyting á bókun frá fundi nr. 30. Greitt verður fyrir starfsmenn, stjórnar- og varastjórnarmenn gisting, fæði og þingslitafagnaður. Gisting greidd fyrir maka og ferðakostnaður skv. vinnureglum stjórnar.

#### d. Tillögur stjórnar.

Stjórn hefur unnið að tillögum fyrir þingið. Óþ veltir upp hvað átt er við með sambandsaðilar, hvaða aðilar eru innan þeirrar skilgreiningar; félög, stjórnin, aðrir? Þeir eiga að skila tillögum 4 vikum fyrir þing. SM heyrir í fulltrúa laganefndar, þarf jafnvel að skilgreina betur.

Setja upp tillögu um að lengja frestinn fyrir lagabreytingar, svo laganefnd og jafnvel kjörnefnd geti farið yfir tillögur og kannað hvort þær stangist á við lög og reglur sem fyrir eru.

### 4. Önnur mál

#### a) Fundargerðir LM.

HBH óskar eftir að fá að sjá fundargerðir LM ehf.

Óþ / LÁ mun hafa samband í kvöld eða á morgun við fulltrúa BÍ í LM ehf sem heldur utanum fundargerðir og sendir á stjórn.

#### b) Uppskeruhátíð

Komið vel á veg með samninga, hljómsveit klár, veislustjóri í vinnslu. Miðaverð klárt. Biðja skrifstofu að senda út auglýsingu, helst á morgun.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 22:00.*

*Fundargerð ritaði Helga Helgadóttir.*

